

Nd.

76. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum um dýraverndun, 3. nóv. 1915.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er á einu máli um það að ráða háttv. deild til að samþ. frv. óbreytt. En hvað snertir frekari skýringu á þessu máli, má að mestu vísa til brjefsins, er fylgir frv. frá formanni dýraverndunarfélags Íslands. Aðeins vill nefndin vekja athygli á, að hún telur hagkvæmt, að lögð sje meiri áhersla á, að sauðfje verði aflífað með rothöggi, og þá notuð helgrima heldur en skot, sem altaf fylgir nokkur hætta, nema varasemi sje því meiri, enda nokkur dæmi þess, að slys hafa af hlotist.

Hvað snertir slátrun stórgripa, hyggur nefndin, að skotið sje að sjálf-sögðu hagfeldasta aðferðin. Annars er það verulegasta breytingin, sem frum-varp þetta fer fram á, að ákvæði reglugerðarinnar nái ekki einasta til slátr-unar sauðfjár á sláturhúsum, heldur einnig til allrar búpeningsslátrunar, hvar sem er á landinu, og þrátt fyrir það, þótt nefndin verði að telja nokkur vandkvæði á fullkomnu eftirliti um slátrunaraðferðir um land alt, þá væntir hún þess, að almenningur viðurkenni þá mannúðarlegu framför, sem í breyt-ingunni felst, og verði þar af leiðandi ljúft að hlýða þeim ákvæðum, sem reglugerðin mælti fyrir um.

Þar sem frumv. tekur sjerstaklega fram, að reglur sjeu settar um fuglaveiðar, þá sjest af greinargerð með frv., að þar er einkum átt við fuglaveiðar við Drangey.

Nefndin viðurkennir, að veiðiaðferðin »flekaveiði með bandingja« sje eigi svo mannúðleg, sem æskilegt væri, og því nauðsyn á að setja um

hana ströng ákvæði, sem fyrirbygðu alla ónaðsynlega harðýðgi eða kæruleysi útvegsmanna, en hins vegar eru nefndarmenn ekki svo kunnugir þessum veiðiskap, að þeir geti fyllilega um það dæmt, hvort gerlegt sje að setja ákvæði, sem banni veiðiaðferðina.

Alþingi, 7. mars 1922.

Stefán Stefánsson,
form. og framsögum.

Gunnar Sigurðsson.

Einar Þorgilsson.

Jón Þorláksson.